

Ný reglugerð um lyfjaávísanir og afhendingu lyfja

Helstu breytingar

1. Lyfseðill er nú skilgreindur sem lyfjaávísun á lyfseðilseyðublaði. Í öðrum tilfellum er rætt um lyfjaávísun.
2. Ekki þarf að prenta út rafræna lyfjaávísun.
3. Kvittanir við afgreiðslu lyfjaávísana og afhendingu lyfja eru nú rafrænar. Ef kvittað er rafrænt við afgreiðslu lyfjaávísana nægir kvittun eins lyfjafræðings.
4. Í stað fjölnota lyfjaávísana er nú heimilt að afgreiða lyf upp að heildarmagni lyfjaávísunar í mörgum afgreiðslum, þó mest fjórum sinnum fram til 1. febrúar 2019.
5. Heimilt er að afgreiða allt að 100 daga skammta í senn nema aðrar takmarkanir gildi.
6. Ef um eftirritunarskyld lyf er að ræða má mest afgreiða 30 daga skammt.
7. Líða skulu a.m.k. 25 dagar á milli afgreiðslu eftirritunarskyldra lyfja en lyfjafræðingi er heimilt að víkja frá þeim dagafjölda ef sérstaklega stendur á.
8. Óheimilt er að afgreiða lyf í ATC-flokkum N06BA01 (amfetamín) og N06BA04 (methýlfenídat) nema fyrir liggi gilt lyfjaskírteini fyrir viðkomandi sjúkling frá Sjúkratryggingum Íslands.
9. Frá og með 1. september 2018 er læknum óheimilt að ávísa ávana- og fíknilyfi með pappírslýfseðli til afgreiðslu hér á landi.
10. Lyfjaávísanir EES-lækna þar sem ávísað er ávana- og fíkniefnum eru ekki gildar hér á landi.
11. Lyfseðlar á pappírformi takmarkast við eina afgreiðslu.
12. Lyfjafræðingi er heimilt að breyta lyfjaávísun að því marki að lyfjameðferð haldist óbreytt og með tilliti til fánlegra pakkningastærða. Í slíkum tilvikum skal hann upplýsa sjúklinginn um breytinguna.



Ný reglugerð um lyfjaávísanir og afhendingu lyfja

Helstu breytingar frh.

13. Lyfjafræðingar útbúa nú þær lyfjaávísanir sem læknir les fyrir í síma, inn í rafrænu afgreiðslukefi apóteksins.
14. Í gegnum síma má ekki ávísa meira en einni pakkningu af lyfi.
15. Lyf skulu einungis afhent sjúklingi eða umboðsmanni hans gegn framvísun persónuskilríkja.
16. Afgreiðsla ávísunarskyldra lyfja án lyfseðils er nú kallað neyðartilfelli. Þegar lyfjafræðingur afgreiðir lyf í neyðartilfelli skal hann skrá lyfjaávísunina í afgreiðslukerfi apóteksins og auðkenna hana sem slíka. Ekki þarf að senda lyfjaávísun sem afgreidd er í neyðartilfelli til Lyfjastofnunar eftir afgreiðslu.
17. Við verðsamanburð á samheitalyfjum er nú eingöngu talað um ódýrara lyf samkvæmt viðmiðunarverðskrá en ekki 5% ódýrara eins og áður.
18. Ákvæði um að senda skuli Lyfjastofnun frumrit af afgreiddum lyfseðlum sem hljóða á eftirritunarskyld lyf mun falla út 1. september 2018, enda mun Lyfjastofnun þá fá rafrænan aðgang að slíkum lyfseðlum.

Gildistaka

1. júlí 2018

Reglugerðin tekur gildi



1. september 2018

Ákvæði um að senda þurfi Lyfjastofnun frumrit af ávísunum eftirritunarskyldra lyfja fellur brott

1. febrúar 2019

Ákvæði um takmörkun á hversu oft má afgreiða sömu lyfjaávísun fellur brott

Nánari upplýsingar

Spurningar varðandi reglugerðarbreytinguna óskast sendar til Lyfjastofnunar á netfangið lyfjastofnun@lyfjastofnun.is



Spurningum sem berast verður svarað en einnig verða þær birtar án persónugreinanlegra upplýsinga ásamt svörum á vef Lyfjastofnunar, www.lyfjastofnun.is

